

**10. fundur Umhverfis- og byggingarnefnd haldinn Strandgötu 38,
miðvikudaginn 16. ágúst 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), Aðalsteinn Magnússon (AM), Jónas Snæbjörnsson (JS) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

Fundargerð ritaði: Sigurvin Hreiðarsson, Formaður

Dagskrá:

1. Fundadagatal 2023-2024 - 2308028

Lögð fram drög að fundardagatali nefnda á vegum Tálknafjarðarhrepps fyrir veturinn 2023-2024.

Sveitarstjórn vísaði drögum að fundardagatali til umfjöllunar í nefndum á vegum Tálknafjarðarhrepps.

Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir framlagt fundardagatal.

2. Eysteinseyri breytt notkun og sorp - 2308018

Tekið fyrir erindi er varðar álagningu gjalda vegna sorphirðu á Eysteinseyri.

Umhverfis- og byggingarnefnd bendir á að á fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar þann 18. mars 2018 var tekið fyrir erindi frá Marinó Bjarnasyni þar sem óskað var eftir breyttri notkun á mhl. 02 fastanr. 212-4244 úr íbúðarhúsi í gistihús. Nefndin frestaði afgreiðslu málsins og óskaði eftir uppfærðum aðaluppdráttum af húsinu.

Engum aðaluppdráttum hefur verið skilað og því er húsnæðið enn skráð sem íbúðarhúsnæði.

Nefndin óskar eftir aðaluppdráttum af húsinu svo hægt sé að breyta skráningu hússins.

3. Umsókn um breytingu á hlöðupaki - 2005196

Tekið fyrir að nýju erindi frá Marinó Bjarnasyni frá 27. maí 2020 er varðar breytingu á hlöðupaki á Eysteinseyri.

Skráning hússins skv teikningum er:

0101 Aðgerðarsalur

0102 Kælipressa

0103 Vinnuherbergi

0201 Vinnustofa

0202 Tröppur / skyggni

Umhverfis- og byggingarnefnd hefur upplýsingar um að á efri hæð hússins eru tvær íbúðir.

Byggingarfulltrúa falið að óska eftir upplýsingum um málið og leggja fyrir nefndina að nýju.

4. Umsókn um byggingarleyfi - súrefnismeðhöndlun - 2307378

Tekið fyrir byggingarleyfisumsókn frá Arnarlax dags 05.07.2023 þar sem sótt er um leyfi til að byggja óupphitað hús fyrir súrefnismeðhöndlun á borholuvatni á lóð Eysteinseyrar / laxeldi.

Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að veita byggingarleyfi.

5. Dunhagi, framlenging á þaki - 2308039

Tekið fyrir erindi frá Gínga teiknistofu fyrir hönd Guðmundar Má Ástþórssonar þar sem sótt er um leyfi til að lengja þak á húsinu Dunhaga um 2,1 m þannig að það nái yfir viðbyggingu á suðausturgafli. Á gaflinn koma gluggar og hurðir sem verður flóttaleið úr sal á 2. hæð.

Umhverfis- og byggingarnefnd vísar erindinu til skipulagsnefndar þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:05.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Jónas Snæbjörnsson (JS)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)